

Uppgjör 3. ársfjórðungs 2023

26. október 2023

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



Yfirlit


- **Starfsemin á 3F 2023**
- Uppgjör 3F 2023
- Staða og horfur

Helstu niðurstöður á 3F 2023

Vörusala

37,3 ma.kr.


+6,2% milli ára



Framlegð af vörusölu

23,0%


+2,9 p.p. milli ára



Laun/Framlegð af vörusölu

42,9%


-3,9 p.p. milli ára



EBITDA

3.905 m.kr.


+27,3% milli ára



EBITDA/Framlegð af vörusölu

45,5%


+2,1 p.p. milli ára



Handbært fé frá rekstri

3.383 m.kr.

+156,6% milli ára



Skipulag Festi og rekstrarfélaga



REKSTRARFÉLÖG FESTI



Framkvæmdastjóri ELKO
Óttar Örn Sigurbergsson



Framkvæmdastjóri N1
Ýmir Örn Finnbogason



Framkvæmdastjóri Krónunnar
Guðrún Aðalsteinsdóttir

MÓÐURFÉLAG OG STOÐFÉLÖG



Framkvæmdastjóri
Bakkans
Eva Guðrún Torfadóttir



Framkvæmdastjóri
Fjármála- og rekstrarsviðs
Magnús Kr. Ingason



Framkvæmdastjóri Festi
fasteigna ehf.
Óðinn Árnason

SKRIFSTOFA FORSTJÓRA

Forstjóri Festi
Ásta S. Fjeldsted

Eva Guðrún nýr framkvæmdastjóri Bakkans Vöruhótelis



Eva Guðrún Torfadóttir nýr framkvæmdastjóri Bakkans Vöruhótelis – tekur til starfa á Q1 2024

- Umbóta- og rekstrarráðgjafi hjá alþjóðlega ráðgjafarfyritækinu Implement Consulting Group í Kaupmannahöfn frá 2016-2023 þar sem mörg hennar verkefna hafa snúið að endurbótum á aðfangakeðjum, endurskipulagningu vöruhúsa, þróun innkaupaferla, ásamt hönnun og uppsetningu á sjálfvirkum vöruhúsum.
- Innkaupa- og birgðastjóri hjá Marorku á árunum 2011-2013.

Eva Guðrún Torfadóttir er með M.Sc. gráðu í rekstrarverkfræði frá danska tækniháskólanum DTU og B.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands.

Nýjar hraðhleðslustöðvar og dælur teknar í notkun hjá N1



- **N1 ætlar að vera leiðandi aðili í orkuskiptum** sem hjálpar fyrirtækjum og einstaklingum að skipta úr jarðefnaeldsneyti yfir í vistvænni orkugjafa.
 - Hluti af þeirri vegferð felst í uppsetningu hraðhleðslustöðva en nú eru **komnar 26 hraðhleðslustöðvar** á 11 staðsetningum N1 og við stefnum á að **stöðvarnar verði 33 fyrir lok árs.**
 - N1 er einnig **komið í samstarf við** nýsköpunarfyrirtækið **Alor** til að **styrkja rafhleðsluinnviði** í landinu og **minnka álagstoppa** í kerfinu.
- **Tvær eldsneytisdælur og sex-tengja hraðhleðslustöðvar teknar í notkun á nýrri stöð á Flugvöllum 27** í Keflavík í október en **nýtt hjólbarðaverkstæði opnar þar þann 10. desember 2023.**
- **Afgreiðslufjöldi á þjónustustöðvum jókst um 6%** miðað við sama tímabil í fyrra og um **3% á sjálfsölum.**
- Afhentum yfir 61 þúsund Dropp pakka á ársfjórðungnum sem er **29% aukning í umferð inn á stöðvarnar** miðað við sama tíma í fyrra.
- **Á Q4 verður í fyrsta skipti á Íslandi boðið uppá dekkjaleigu fyrir viðskiptavinum,** spennandi og umhverfisvænni kostur fyrir þá sem eru á heilsársdekkjum en eiga erindi út á land.



Júlí 2023 metsöllumánuður í sögu Krónunnar



- Vörusala á þriðja ársfjórðungi nam 16.376 millj. kr. – hækkun um 22% á milli ára.
- Frábært sumar - júlí var metsöllumánuður í sögu Krónunnar og selt magn jókst um 11% milli ára á þriðja ársfjórðungi.
- Velta Snjallverslunar Krónunnar jókst um 64% milli ára.
- Fjöldi afgreiðslna í Krónuverslunum jókst um rúm 16% miðað við sama tímabil í fyrra.
- Glæsileg enduopnun Krónunnar á Grandanum og frábærar viðtökur - bein áhrif breytinga skila 13,6% aukningu í sölu í versluninni milli mánaða.
- Skóflustunga var tekin að nýrri Krónuverslun á Fitjum sem opnar 2025 með öflugum nágrönnum.



Mynd þín myndi við Fitjabraut þar sem er umráð BYKO. Hægt er að sjá myndir af nýrri verslun Krónunnar á Fitjum sem opnar 2025 með öflugum nágrönnum.

Laugavegur 22. september 2023 kl. 16:30

Krónan opnar með BYKO við Fitjabraut

Smíðingur hefur lokið eftir aukna byggingarmátt á Miðri Fitjabraut 5 í Njarðvík. Þar mun rísa verslunarmiðstöð þar sem setja til hana verslun BYKO og Krónunnar. Umboðin til byggingarmáttar hefur verið tekið og er núna áætlað að byggja byggingarmáttar og aðstoðingur er núna gert við gólf- og veggverk. Byggingarmáttar hefur tekið til 1.8.2023.

Smíðingur og byggingarmáttar hefur tekið til framlags og aðstoðingur hefur verið tekið til framlags og umboðingur og smíðingur hefur tekið til framlags með fyrirtæki um samgætt landeignar.



Viðskiptavinir sækja meira í verslanir á ný

- Raftækjamarkaðurinn óx um 4% á ársfjórðungnum skv. mælingum RSV.
- **Fjöldi afgreiðslna stendur í stað milli ára en hegðun viðskiptavina hefur breyst í kjölfar faraldurs, með 22% aukningu í gestafjölda í verslanir á sama tíma og dregið hefur úr heimsóknnum í vefverslun.**
- Stefna ELKO uppfærð til að endurspeglar aukna áherslu á þjónustu.
- Nýr iPhone slær sölumet á fyrstu 2 vikunum í ELKO með **yfir 35% fleiri seld eintök en á fyrra ári** – vöxtur drifinn af auknu framboði.
- **Skrifstofa ELKO flutti í október úr Skógarlind í höfuðstöðvar Festi á Dalvegi 10-14.**
- **Ný verslun ELKO í komusál Keflavíkurflugvallar opnar í nóvember með auknu vöruúrvali en verslunin stækkar um 70%.**
- **ELKO tekur enn virkari þátt í hringrásarhagkerfinu** með því að taka á móti gömlum raftækjum og selja þau áfram til Foxway Group í Eistlandi sem endurvinnur hvern einasta smáhlut í tækjunum – 84% aukning milli ára í útgefnum inneignum til viðskiptavina fyrir gömul raftæki.

The pyramid diagram consists of five levels, each with a specific message:

- FRAMTIDARVINN** (Top level): ANÆGDUSTU VIÐSKIPTAVINIR
- SNJALLARI TIL FRAMTÍÐAR** (Second level): SAMAN GERUM VIÐ LÍFID SKEMMTILEGRA
- LOFÞÓÐ OG HILDI** (Third level): ÞAÐ SEM SKIPTIR ÞIG MÁLI SKIPTIR OKKUR MÁLI
- TILGANGIR** (Bottom level): MEÐ ÓTRÚLEGRI TÆKNI HJÁLPUM VIÐ ÖLLUM AÐ GERA LÍFID BETRA, ÞÆGILEGRA OG ANÆGJULEGRA

The group photo shows the ELKO team posing together in a modern office setting.

The promotional poster for the **14. OKTÓBER ALÞJÓDLEGUR DAGUR RAFTÆKJA-ÚRGANGS** (14th International E-waste Day) includes the following text:




Samtíkin Weee Forum standa fyrir alþjóðlegum degi raftækjaúrgangs (e. International e-waste day) sem haldinn er ár hvert 14. október. Á þessum samstökum standa yfir 50 fyrirtæki í 33 löndum sem taka á móti raftækjaúrgangi. ELKO tekur virkan þátt í að kynna daginn með það markmið að hvetja fólk til að koma raftækjum í endurvinnu og lengja lífina þeirra.

Other details on the poster:

- VINNUR ÞU 100.000 KR. GJAFABREYF?
- ENDURVINNSLUHLUTFÓLL RAFTÆKJA
- KOMDU MEÐ SNORURNAR Í ELKO
- FLOKKUN Í ELKO

Fjöldi viðskiptavina og sala á öðrum ársfjórðungi eykst milli ára

■ 2022 ■ 2023



Aukning í bæði innlendri og erlendri kortaveltu

2022 2023



Yfirlit


- Starfsemin á 3F 2023
- **Uppgjör 3F 2023**
- Staða og horfur

Rekstur samstæðunnar á 3F 2023


- **Tekjur af vöru og þjónustusölu** jukust um 2,2 ma. kr. eða 6,2% á milli ára.
- **Framlegð af vörusölu** nam 8.575 millj. kr. Aukningin nam 1.511 millj. kr. eða 21,4% á milli ára.
- **Framlegðarstig** nam 23,0% og hækkar um 0,3 p.p. frá síðasta ársfjórðungi 2023 og 2,9 p.p. milli ára
- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 3.676 millj. kr., hækkun um 369 millj. kr. eða 11,2% milli ára en 13,8% án áhrifa einskiptiskostnaðar á síðasta ári.
- **Stöðugildin** voru 1.412 á fjórðungnum, aukning um 86 eða 6,5% á milli ára.
- **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 2,5% milli ára.
- **EBITDA** 3.905 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2023, hækkun um 838 millj. kr. eða 27,3% milli ára.
- **Hagnaður tímabilsins** nam 1.816 millj. kr. og hækkar um 16,2% milli ára.

Milljónir króna	3F 2023	3F 2022	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	37.334	35.146	2.187	6,2%
Framlegð af vörusölu	8.575	7.063	1.511	21,4%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	535	801	(266)	-33,3%
Laun og annar starfsmannakostnaður	3.676	3.307	369	11,2%
Annar rekstrarkostnaður	(1.529)	(1.491)	(37)	2,5%
EBITDA	3.905	3.067	838	27,3%
EBIT	2.825	2.218	607	27,3%
Hagnaður tímabilsins	1.816	1.562	254	16,2%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	45,5%	43,4%	+2,1 p.p.	4,9%
Laun/framlegð af vörusölu	42,9%	46,8%	-3,9 p.p.	-8,4%
Hagnaður á hlut	5,96	5,10	0,86	16,9%


Vörusala



Framlegð af vörusölu



EBITDA



Ytri áhrifapættir 3F 2023


Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli 3F 2022 og 3F 2023:

- **Gasolía** hækkaði um 39,7% á 3F 2023 en lækkaði um 18,8% á sama fjórðungi árið áður.
- **Bensín** hækkaði um 9,9% á 3F 2023 en lækkaði um 30,4% á sama fjórðungi árið áður.
- **Meðalverð gasolíu** var 904 dollarar í samanburði við 1.094 dollara á 3F 2022, lækkun um 17,4%.
- **Meðalverð á bensíni** var 983 dollarar í samanburði við 1.053 dollara á 3F 2022, lækkun um 6,7%.


Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 3F 2023:

- **USD styrktist** um 1,1% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 3F nam 6,3%.
- **EUR veiktist** um 2,0% gagnvart ISK og munur á hæsta og lægsta gengi á 3F nam 5,6%.

Verðþróun á Mogas 95 og Dísel




Þróun á gengi gjaldmiðla




Framlegð af vörusölu á 3. ársfjórðungi

- **Aukin vörusala** í dagvörum og annarri vöru og þjónustusölu en lækkun í eldsneytis og raftækjasölu. **Framlegðarstig hækkar** í öllum flokkum nema annarri vöru og þjónustusölu frá síðasta ársfjórðungi.
- **Heildarframlegð** nam 8.575 millj. kr. og eykst um 21,4% **Framlegðin í krónum** er sú **hæsta frá upphafi** á einum ársfjórðungi.
- **Framlegðarhlutfallið á 3F 2023 var 23,0%**, hækkar um 2,9 p.p. frá síðasta ári og hækkar um 0,3 p.p. frá síðasta ársfjórðungi.
- **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 17,7% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn** eykst um 62,5%, **raftæki** minnka um 0,6% og **aðrar vörur** minnka um 3,8% milli ára.


Framlegð af vörusölu




Dagvara




Eldsneyti og rafmagn



Raftæki





Aðrar vörur og þjónusta



Laun og starfsmannakostnaður á 3F 2023

- **Laun og starfsmannakostnaður** nam 3.676 millj. kr. og hækkar um 369 millj. kr. eða 11,2% á milli ára.
- **Stöðugildum fjölgar um 86 milli ára** og nemur hækkunin um 207 millj. kr.
 - Ný verslun Krónunnar, nýtt verkstæði N1, Iceland Food Company skýra aukninguna milli ára.
- **Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana** nemur 237 millj. kr. milli ára.
- **Einskiptiskostnaður** vegna starfslokasamnings á sama fjórðungi síðasta árs nemur 76 millj. kr.
- **Hækkun milli ára nemur 6,9%** án áhrifa aukningar í stöðugildum og áhrifa einskiptiskostnaðar.


Laun og starfsmannakostnaður 3F 2022	3.307
Stöðugildi - breyting	207
Samningsbundnar launahækkunar	237
Orlofsskuldbinding	-16
Aðrar breytingar	-59
Laun og starfsmannakostnaður 3F 2023	3.676




Starfspáttayfirlit samstæðunnar fyrir 3F 2023

Milljónir króna	N1	Krónan	Elko	Önnur félög	Samtals
Tekjur utan samstæðu	16.763	16.377	4.449	279	37.869
Tekjur innan samstæðu	80	361	3	1.781	2.225
Heildartekjur starfspáttá	16.843	16.738	4.452	2.061	40.094
Heildarreikstrargjöld starfspáttá	(14.834)	(15.365)	(3.976)	(1.018)	(35.193)
EBITDA starfspáttá	2.009	1.373	476	1.043	4.901
Afskriftir starfspáttá	(744)	(545)	(150)	(268)	(1.707)
Matsbreyting fjárfestingafasteigna	0	0	0	(89)	(89)
EBIT rekstrarafkoma starfspáttá	1.264	828	326	686	3.105
Hrein fjármagnsgjöld	(292)	(77)	(33)	(816)	(1.217)
Áhrif hlutdeildarféлага og tap af sölu eignarhl.	0	0	0	259	259
Tekjuskattur	(195)	(165)	(59)	33	(385)
Hagnaður ársfjórðungsins	778	586	234	162	1.761
Eignir starfspáttá	31.437	21.941	5.548	38.359	97.286
Fjárfestingar starfspáttá	856	643	183	911	2.593
Skuldir starfspáttá	21.624	17.339	3.974	19.265	62.202

EBITDA starfspáttá



Eignir starfspáttá



N1 - Helstu niðurstöður á 3F 2023



- Tekjur námu 16.843 millj. kr., minnkun um 755 millj. kr. eða 4,3% á milli ára.
- Sala á eldsneyti og rafmagni lækkar milli ára um 1.133 millj. kr. eða 8,5%. Salan nam 70,0 millj. lítrum sem er 7,1% aukning frá síðasta ári. Aukning átti sér stað í öllum tegundum.
- Sala á öðrum vörum jókst um 378 millj. kr. eða 8,8% milli ára. Ágæt aukning í dagvörum, hjólbörðum, efnavörum og bifreiðapjónustu.
- Mikill viðsnúningur í framlegð á eldsneytissölu en aukningin nam 911 millj. kr. milli ára.
- EBITDA nam 2.009 millj. kr. sem er hækkun um 622 millj. kr. eða 44,9% á milli ára.
- Hagnaður nam 778 millj. kr. sem er aukning um 63% á milli ára.

 **96**
Afgreiðslustaðir eldsneytis

 **12**
Hjólbarða- og smurverkstæði

 **26**
Afgreiðslustaðir rafhleðslu

	3F 2023	3F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	16.843	17.598	(755)	-4,3%
Heildargjöld	(14.834)	(16.211)	1.377	-8,5%
EBITDA	2.009	1.386	622	44,9%
EBITDA-hlutfall	11,9%	7,9%	+4,0 p.p.	51,4%
EBIT	1.264	726	538	74,1%
EBIT-hlutfall	7,5%	4,1%	+3,4 p.p.	81,9%
Hagnaður	778	478	301	63,0%


Krónan - Helstu niðurstöður á 3F 2023



- Tekjur 16.738 millj. kr. hækkun um 3.229 millj. kr. eða 23,9% á milli ára.
- Icelandic Food Company partur af samstæðu Krónunnar frá 1. janúar 2023.
- Ný verslun á Akureyri frá desember sl. Like for like tekjur eru að aukast um 16,6% milli ára.
- Mikil pressa á framlegðarstig en framlegð batnar frá síðasta ársfjórðungi.
- EBITDA 1.373 millj. kr., sem er hækkun um 313 millj. kr eða 29,5% á milli ára.
- Hagnaður nam 586 millj. kr. sem er hækkun um 184 millj. kr. eða 45,8% á milli ára.

 **27**
Matvöruverslanir


Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með Svansvottun

 **6 ár**
Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði

	3F 2023	3F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	16.738	13.509	3.229	23,9%
Heildargjöld	(15.365)	(12.449)	(2.916)	23,4%
EBITDA	1.373	1.060	313	29,5%
EBITDA-hlutfall	8,2%	7,8%	+0,4 p.p.	4,5%
EBIT	828	612	217	35,5%
EBIT-hlutfall	4,9%	4,5%	+0,4 p.p.	9,3%
Hagnaður	586	402	184	45,8%

ELKO - Helstu niðurstöður á 3F 2023



- Tekjur 4.452 millj. kr., minnkun um 39 millj. kr. eða 0,9% á milli ára.
- Með auknum fjölda ferðamanna ásamt ferðalögum Íslendinga erlendis þá eykst sala í verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, aukningin nemur 19,4% milli ára.
- Aukning veltu í Flugstöðinni, Akureyri og Lindum en minnkun í Vefverslun, Skeifu og Granda.
- Framlegð 476 millj. kr og minnkar um 2,7% milli ára. Framlegðarstig hækkar frá síðasta ársfjórðungi og á milli ára.
- EBITDA 476 millj. kr. sem er lækkun um 13 millj. kr. eða 2,7% á milli ára.
- Hagnaður nam 234 millj. kr. sem er lækkun um 20 millj. kr. eða 7,7% milli ára.



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvugin 2023



Fyrirmyndarfyrtæki
VR 2022


	3F 2023	3F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	4.452	4.491	(39)	-0,9%
Heildargjöld	(3.976)	(4.002)	26	-0,7%
EBITDA	476	489	(13)	-2,7%
EBITDA-hlutfall	10,7%	10,9%	-0,2 p.p.	-1,8%
EBIT	326	345	(19)	-5,5%
EBIT-hlutfall	7,3%	7,7%	-0,4 p.p.	-4,7%
Hagnaður	234	254	(20)	-7,7%

Önnur félög - Helstu niðurstöður á 3F 2023

BAKKINN
vöruhótel

FESTI
fasteignir

- Tekjur 2.061 millj. kr., aukning um 18 millj. kr. eða 0,9% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna 988 millj. kr. samanborið við 868 millj. kr. á 3F 2022.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu nemur 98% samanborið við 97% á 3F 2022, hækkar um 1 p.p.
- Eigin not húsnæðis var 88% og helst óbreytt milli ára.
- EBITDA 1.043 millj. kr. og hækkar um 2,3% milli ára.
- Hagnaður nam 162 millj. kr. sem er lækkun um 220 millj. kr. milli ára.

 **83**
Fasteignir í eigu
samstæðunnar

 **98%**
Húsnæðis í útleigu


 **88%**
Eigin not húsnæðis

	3F 2023	3F 2022	Breyting	%
Heildartekjur	2.061	2.043	18	0,9%
Heildargjöld	(1.018)	(1.023)	5	-0,5%
EBITDA	1.043	1.020	23	2,3%
EBITDA-hlutfall	50,6%	49,9%	+0,7 p.p.	1,4%
EBIT	686	829	(143)	-17,2%
EBIT-hlutfall	33,3%	40,6%	-7,3 p.p.	-17,9%
Hagnaður	162	382	(220)	-57,6%


Efnahagsreikningur 30.09.2023

Milljónir króna	30.9.2023	31.12.2022	Breyt.	%
Viðskiptavild	14.842	14.862	(20)	-0,1%
Aðrar óefnislegar eignir	4.297	4.517	(220)	-4,9%
Rekstrarfjármunir	35.358	34.815	543	1,6%
Leigueignir	8.024	8.012	11	0,1%
Fjárfestingarfasteignir	6.512	6.479	33	0,5%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.560	2.601	(41)	-1,6%
Eign í öðrum félögum	14	14	0	0,0%
Langtímakröfur	147	150	(3)	-2,3%
Fastafjármunir alls	71.754	71.450	304	0,4%
Birgðir	13.968	13.086	883	6,7%
Viðskiptakröfur	6.553	5.960	592	9,9%
Aðrar skammtímakröfur	779	764	14	1,9%
Handbært fé	4.232	2.112	2.120	100,4%
Veltufjármunir alls	25.531	21.923	3.609	16,5%
Eignir samtals	97.286	93.373	3.913	4,2%

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- Heildareignir námu **97.286 millj. kr.** og hækka um **3.913 millj. kr.** frá áramótum.
- Rekstrarfjármunir og fjárfestingareignir hækka um **576 millj. kr.**
- Vörubirgðir hækka um **883 millj. kr.** frá áramótum vegna aukinna umsvifa og árstíðasveiflu í rekstri.
- Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur hækka um **606 millj. kr** frá áramótum.
- Handbært fé **4.232 millj. kr.** í lok þriðja ársfjórðungs sem er 2.120 millj. kr. hækkun frá áramótum.


Efnahagsreikningur 30.09.2023

Milljónir króna	30.9.2023	31.12.2022	Breyt.	%
Eigið fé	35.084	34.460	624	1,8%
Skuldir við lánastofnanir	27.542	28.224	(682)	-2,4%
Leiguskuldir	7.723	7.715	8	0,1%
Tekjuskattskuldbinding	6.480	6.001	480	8,0%
Langtímaskuldir alls	41.746	41.940	(194)	-0,5%
Skuldir við lánastofnanir	1.804	1.790	14	0,8%
Leiguskuldir	816	712	104	14,6%
Viðskiptaskuldir	9.280	8.630	650	7,5%
Aðrar skammtímaskuldir	8.557	5.841	2.715	46,5%
Skammtímaskuldir alls	20.456	16.973	3.483	20,5%
Skuldir og eigið fé alls	97.286	93.373	3.913	4,2%

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA




- **Eiginfjárhluutfall 36,1%** í lok þriðja ársfjórðungs.
- **Kaup á eigin bréfum og greiddur arður** fyrir samtals 1.736 millj. kr. á árinu **sem er um 43% af hagnaði síðasta árs.**
- Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir **hækka um 3.365 millj. kr., þar af 1.677 millj. kr. vegna opinberra gjalda tengd birgðum.**
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** námu 33.653 millj. kr. og **lækka um 2.676 millj. kr. frá áramótum.**
- Fjármagnsskipan samstæðunnar er í **takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.**

Sjóðstreymi samstæðunnar á 3F 2023

- Handbært fé frá rekstri nam **3.383 millj. kr.** og hækkar um **2.065 millj. kr.** milli ára.
- Fjárfestingar námu **1.028 millj. kr.** á 3F 2023, minnkun um 243 millj. kr. milli ára.
- Kaup á eigin bréfum námu **290 millj. kr.** á 3F 2023.
- Afborganir af lánum og leiguskuldum námu 214 millj. kr.
- Hækkun handbærs fjár á 3F 2023 nam 1.906 millj. kr.

Milljónir króna	3F 2023	3F 2022	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	2.326	2.085	241	11,6%
Handbært fé frá rekstri	3.383	1.318	2.065	156,6%
Fjárfestingar	(1.028)	(1.270)	243	-19,1%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	90	444	(354)	-79,7%
Viðskipti við hluthafa	(290)	(901)	612	-67,9%
Viðskipti við lánastofnanir	(214)	(586)	372	-63,5%
Gengismunur af handbæru fé	(37)	55	(92)	-167,4%
Handbært fé í lok tímabils	4.232	1.144	3.087	269,8%



Yfirlit

- Starfsemin á 3F 2023
- Uppgjör 3F 2023
- **Staða og horfur**


Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX

Hluthafar (10 stærstu)

	%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	11,4
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	10,6
Gildi - lífeyrissjóður	9,4
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	8,4
Birta lífeyrissjóður	5,9
Almennir lífeyrissjóðurrinn	4,6
Stapi lífeyrissjóður	3,5
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,5
Festa - lífeyrissjóður	3,2
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0

Markaðsupplýsingar

	30.9.2023	31.12.2022	Breyting
Útistandandi hlutir	303 m.	308 m.	-1,5%
Verð í lok tímabils	181 kr.	182 kr.	-0,5%
Markaðsvirði	54.849 m.kr.	55.965 m.kr.	-2,0%
Velta 12m	27.105 m.kr.	48.808 m.kr.	-44,5%
Fjöldi hluthafa	1.215	1.269	-4,3%



Staða og horfur árið 2023

Helstu atriði:

- Rekstur fjórðungsins gekk vel og var niðurstaðan umfram áætlanir félagsins.
- Vörusala fjórðungsins jókst um 6,2% en verðbólga setur áfram þrýsting á framlegðarstig og allan rekstrarkostnað.
- Framlegðarstig hækkar í öllum starfsþáttum nema annarri vöru og þjónustusölu frá síðasta fjórðungi.
- Mikill fókus áfram á framlegð, hagræðingu í rekstri og lækkun rekstrarkostnaðar.
- Samningur undirritaður um kaup á Lyfju 13. júlí sl. Vonir standa til að niðurstaða Samkeppniseftirlits liggja fyrir á fyrri helmingi næsta árs.
- Ný endurkaupaáætlun á eigin bréfum hófst 21. júlí sl. fyrir um 600 millj. kr. en keypt hefur verið fyrir 290 millj. kr. í lok 3F 2023.

Afkomuspá og fjárfestingaspá ársins 2023

- **EBITDA spá Festi** fyrir árið 2023 er hækkuð um 600 millj. kr. og er nú **10.400 – 10.800 millj. kr.**
- **CAPEX spá Festi** fyrir árið 2023 er lækkuð um 900 millj. kr. og nemur nú **3.600 – 4.000 millj. kr.**

Forsendur og áhætta:

- Áhrif stýrivaxtahækkana á hagkerfið í heild.
- Áhrif stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- Há verðbólga og gengi íslensku krónunnar.
- Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.

Takk fyrir



Fyrirvarar

- Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.